









ÁRSSKÝRSLA 2021





ÁRSSKÝRSLA 2021

SKÝRSLA STJÓRNAR	5
ÁRSREIKNINGUR	23



STARFSEMIN

STARFSMANNAHALD OG STJÓRN

Á árinu 2021 störfuðu þrjú hjá Tónverkamiðstöð, Valgerður G. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri, Oliver Kentish sem starfar við afgreiðslu og skráningu og Aðalheiður Þorsteinsdóttir sem starfar við skráningu á frumhandritum nótna og nótnagjöfum til miðstöðvarinnar, yfirferð á nótnasafni í Landsbókasafni og innleiðingu ISMN númera.

Skert starfsemi og tekjuskerðing vegna kórónuveirufaraldurs hafði umtalsverð áhrif á rekstur miðstöðvarinnar á árinu 2021 og ekki síður en árið 2020. Síðla árs 2020 samþykkti starfsfólk að starfa í lægra starfshlutfalli til að koma til móts við tekjufall miðstöðvarinnar í kórónuveirufaraldrinum og störfuðu áfram samkvæmt því árið eftir. Á árinu 2021 voru starfshlutföll því þannig: Valgerður var í 80% starfi og Oliver í 20% starfi. Aðalheiður starfaði í 33% starfshlutfalli fyrstu níu mánuði ársins en óskaði svo eftir að vera í 30% starfshlutfalli frá 1. október. Starfsgildi launþega voru þess vegna 1.33 framan af ári en var 1.30 frá 1. október. Fyrir kórónuveirufaraldur voru starfsgildi hins vegar 1.78. Samhliða þessu var opnunartími afgreiðslu Tónverkamiðstöðvar skertur og viðeigandi sóttvarnaráðstafanir gerðar eftir því hvaða sóttvarnareglur og takmarkanir voru í gildi.

Þó heimsfaraldur sé ástæða skertrar starfsemi verður ekki litið framhjá þeirri staðreynd að rekstrarstyrkur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins stóð ekki straum af rekstrarkostnaði öðrum en launa- og húsnæðiskostnaði á árinu 2021. Laun og launatengd gjöld námu um 12.498.951 milljónum árið 2021 og drógust saman um tæplega 2,2 milljónir milli ára vegna skerts starfshlutfalls starfsfólks. Rekstrarkostnaður húsnæðis dróst saman og var rétt um 760 þúsund krónur árið 2021 og lækkar um 650 þúsund krónur milli ára. Nýsköpunarmiðstöð var leigusali

Tónverkamiðstöðvar en Nýsköpunarmiðstöð hætti störfum á árinu. Alger óvissa varð í kjölfarið um hvað yrði um húsnæðið og var þess vegna ekki innheimt leiga af frá maímánuði 2021.

Rekstargjöld ársins voru rúmar 18 milljónir en rekstrarstyrkur ráðuneytis var 15,6 milljónir árið 2021 eins og undanfarin ár. Tekjur miðstöðvarinnar af nótnasölu og leigu tónverka stóðu þannig straum af umtalsverðum hluta rekstrarkostnaðar ásamt því að standa undir útgjöldum vegna kynningarstarfs. Rekstrarstyrkur ráðuneytis menningarmála er ekki vísitölubundinn og hefur ekki hækkað til samræmis við almenna hækkun launa- og rekstrarkostnaðar. Samningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið rann út um áramótin 2018/19. Í desember 2021 var svo gerður samningur vegna rekstrarársins 2021 sem hljóðaði upp á 15,6 milljóna framlag eins og hin fyrri ár, þó óskað hefði verið eftir hærra framlagi og sýnt fram á nauðsyn þess. Það er vert að taka fram að ráðherra menningarmála tilkynnti í upphafi árs 2022 að miðstöðvar tónlistar – Tónverkamiðstöð og Útón – myndu hljóta tíu milljóna viðspyrnuframlag hvor um sig, sem reiknað væri með á fjárlögum fyrir árið 2022.

Frá aðalfundi 2020 er stjórn Tónverkamiðstöðvar þannig skipuð: Gunnar Andreas Kristinsson og Þuríður Jónsdóttir, meðlimir í Tónskáldafélagi Íslands (TÍ), Egill Gunnarsson, utan TÍ og Bergljót A. Haraldsdóttir sem er fulltrúi RÚV í stjórn. Gunnar Andreas er formaður stjórnar en lög félagsins kveða á um að formaður stjórnar skuli vera annar af tveimur meðlimum í TÍ.

HÚSNÆÐISMÁL

Tónverkamiðstöð hefur verið starfrækt að Laugavegi 105 síðan í apríl 2014. Miðstöðin deilir þar húsnæði með öðrum tónlistartengdum aðilum. Aðrir fastir leigjendur í húsnæðinu árið 2021 voru ÚTÓN (Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar), Tónlistarborgin Reykjavík, listrænn stjórnandi Myrkra músíkdaga og Iceland Sync. Fleiri aðilar hafa haft aðstöðu í húsnæðinu til skemmri tíma.

Samkvæmt ákvörðun Atvinnu- og nýsköpunarráðherra var Nýsköpunarmiðstöð Íslands lögð niður um áramótin 2020/21. Nýsköpunarmiðstöð rak Tónklasann og frumkvöðlasetrið Hellinn í húsnæðinu að Laugavegi 105 og var leigusali Tónverkamiðstöðvar fram til 1. maí 2021.

Langtímageymsla nótna- og handritasafns Tónverkamiðstöðvar er í kjallara Þjóðar-bókhöðunnar í þar til úthlutuðum hillum.

GAGNAGRUNNUR

Í síðustu ársskýrslu var getið um skráningarkerfi Tónverkamiðstöðvar, Musicdirect og væntanlega örlög þess – að nýir eigendur myndu leggja kerfið niður. Þetta reyndist raunin og við bættist að um áramótin 2021 varð forritið Adobe Flash gert úrelt og ómögulegt að halda áfram skráningum. Miðstöðin hefur þó tekið við nýskráningum tónverka en varðveitir þær í rafrænum gagnageymslum miðstöðvarinnar (Google Drive) sem þar sem allt verkasafn miðstöðvarinnar er varðveitt á rafrænu formi.

Tónverkamiðstöð ráðgerði að innleiða nýtt skráningar- og sölukerfi sem allra fyrst en verkefnið er háð viðbótarfjármagni sem fékkst ekki á síðasta ári. Þess vegna voru slík áform sett til hliðar. Stofnun nýrrar tónlistarmiðstöðvar spilar þar einnig inn í þar sem sýnt þykir að ný miðstöð muni setja upp nýjan gagnagrunn.

HEIMASÍÐA

Heimasíða Tónverkamiðstöðvar er upplýsingaveita um þjónustu miðstöðvarinnar fyrir tónskáld, upplýsingar um tækifæri fyrir tónskáld, styrki og annað. Eins er hún tenging fyrir kaupendur að nótum inn í vefbúð miðstöðvarinnar, shop.mic.is. Enski hluti síðunnar er aðallega hugsaður sem millilending fyrir kaupendur að nótum.

Tónverkamiðstöð heldur úti lista á heimasíðu miðstöðvarinnar með yfirliti yfir styrki sem tónlistarmenn á Íslandi geta sótt í hér innanlands og utan. Styrkjalistinn er mikið nýttur og vitnað til hans víða.

RÁÐGJÖF


Ráðgjöf er mikilvægur hluti af starfsemi Tónverkamiðstöðvar og er starfsfólk miðstöðvarinnar ætíð reiðubúið til samtals við tónskáld, flytjendur, tónlistarstjóra og skipuleggjendur tónlistarhátíða.

ÚTGÁFUSAMNINGAR

Jón Leifs er eina tónskáldið sem er með sérstakan útgáfusamning við miðstöðina. Þar er getið um að Tónverkamiðstöð sé eini útgefandi verka Jóns Leifs og nær samningurinn til allra verka tónskáldsins. Í samningnum er ákvæði um að 33% af höfundargreiðslum STEFs renni til Tónverkamiðstöðvar og hafa þessar greiðslur farið inn á sérreikning. Innistæða reikningsins stendur straum af kostnaði sem fellur til vegna umsýslu og viðhalds á tónverkum Jóns og hafa verkefnið fram að þessu helst snúið að tölvusetningum á nótum svo verkin séu frambærileg í nútíma tónlistarumhverfi. Útgáfusamningurinn var framlengdur í apríl 2019 og framlengist sjálfkrafa um fimm ár sé honum ekki sagt upp með árs fyrirvara.

Fyrir nokkrum árum var ráðist í svokallaða *Kórverkaútgáfu* en þá voru gerðir sérstakir samningar við tónskáld um sérútgáfu Tónverkamiðstöðvar á samræmdri

tölvusetningu á ákveðnum kórverkum. Verk í *Kórverkaútgáfunni* báru hærri höfundahlut en önnur kórverk. Töluvert er síðan miðstöðin stóð að slíkri sérútgáfu nótna og hafa fjölmörg kórverk bæst í safn miðstöðvarinnar síðan. Þau verk báru öll lægri höfundahlut en verkin í *Kórverkaútgáfunni*. Til að gæta samræmis var tekin sú ákvörðun að frá og með 1. janúar 2021 bera öll kórverk í safni miðstöðvarinnar 20% höfundahlut en almennt er höfundahlutur 10% af söluandvirði nótna. Þetta á eingöngu við um kórverk án undirleiks eða með einu meðleikshljóðfæri.



Nótnasafnið og nótnasalan

ISMN-NÚMER

ISMN-númer eru alþjóðlegur númerastaðall sérstaklega fyrir útgáfu nótna. Skammstöfunin stendur fyrir International Standard Music Number sem er hluti af ISO-staðlinum og er systurnúmerakerfi ISBN-númerakerfisins sem er notað í bókaútgáfu. Landsbókasafn Íslands úthlutar númeraröðum og er númeraröðin sem Tónverkamiðstöð er úhlutað bundin miðstöðinni sem útgefanda. Skrá yfir íslenska nótnaútgefendur og notendur ISMN-númera er svo hluti af International ISMN Database (<https://www.ismn-international.org/>).

Á árinu 2018 fékkst styrkur að upphæð tvær milljónir króna frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til innleiðingar ISMN-númerakerfis og dugar sá styrkur til að merkja öll ný tónverk sem miðstöðinni berast og um 20% af safninu, eða um 2000 tónverk. Innleiðing ISMN-númera hófst í lok árs 2018 og hélt áfram jafnt og þétt árið 2019. Hluti styrkuppþæðarinnar (80%) kom til greiðslu á árinu 2018 og stóð straum af þeirri vinnu árið 2019. Lokagreiðsla barst um mitt ár 2020 þegar skráningu um 2000 titla var lokið. Við innleiðingu ISMN-númeramerkingar varð til nýtt verkferli hjá miðstöðinni en reynslan hefur sýnt að skráningin á eldri verkum er tímafrekari en ráð var fyrir gert. Áætlað var að skráningu þessa hluta safnsins lyki um mitt ár 2019 en raunin varð að henni lauk ekki fyrr en í maí 2020. Lokagreiðsla (20%) vegna þessa hluta barst þess vegna ekki fyrr en um miðbik ársins 2020.

Starfsmenn við skráningu vinna í hlutastörfum og tekur skráning ISMN-númera eldri verka vanalega um þriðjung starfstíma þeirra en þeir sinna einnig sölu, afgreiðslu og upplýsingagjöf ásamt öðrum störfum sem lúta að nótnasafninu. Í heimsfaraldrinum dró verulega úr nótnasölu og umsýslu tengt henni. Þess í stað var gerð gangskör í að ISMN-númerasetja verkasafn einstakra tónskálda


Nú er búið að númerasetja rétt um þrjú þúsund og tvö hundruð tónverk í safni Tónverkamiðstöðvar. Umsókn um styrkveitingu ásamt verkefnisáætlun lá inni hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu um áramótin 20/21 en erindið var tekið inn í mat á rekstrarsamningi miðstöðvarinnar og fengust ekki svör við erindinu á því ári sem fjallað er um í þessari skýrslu.


Kórónuveirufaraldurinn árið 2020 og 2021 hafði meðal annars í för með sér að minna var um beina umsýslu nótna vegna nótnasölu og leigu hljómsveitaverka. Þess vegna gafst aukið svigrúm til að yfirfara eldri verk, setja nýjar forsiður og skrá þau með ISMN-númeri. Á móti kemur að starfsmenn unnu í lægra starfshlutfalli frá 1. september 2020 og út árið 2021 og hefur það óhjákvæmilega áhrif á verkefnið.

NÓTNASALA

Tekjur af nótnasölu og leigu tónverka voru rétt um 10% af heildartekjum Tónverkamiðstöðvar árið 2021 og er það töluvert lægra hlutfall en undanfarin ár. Markmiðið er að nótnasalan standi undir sér, því rekstrarstyrkur miðstöðvarinnar frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu er ætlaður fyrir launa- og rekstrarkostnað vegna umsýslu nótnasafnsins og kynningarstarf. Hin seinni ár hefur nótnasalan hins vegar einnig staðið undir kynningarstarfinu og hluta rekstrarins þar sem beinn rekstrarstyrkur ráðuneytisins er ekki vísitölutengdur og hefur ekki hækkað í nokkur ár. Vonir standa til að viðspyrnustyrkur vegna kórónuveirufaraldursins fái á árinu 2022.

Tekjurnar eru almennt nokkuð breytilegar frá ári til árs en heimsfaraldur vegna Covid-19 setti sitt mark á rekstur miðstöðvarinnar á árinu 2021. Nótnaleiga er sem fyrr stór breyta í tekjuöflun Tónverkamiðstöðvar og skiptir hver pöntun miklu máli í heildarmyndinni. Sú staðreynd að tónleikahús um allan heim lokuðu árið 2020, hljómsveitir lögðu niður starfsemi til lengri eða skemmri tíma og flytjendur héldu að sér höndum í tekjuskerðingu eða tekjuleysi, skilar sér beint í samdrætti í nótnaleigu. Sú starfsemi fór afar hægt af stað árið 2021. Heildartekjur af sölu og leigu tónverka árið 2021 voru 1.913.323 kr. og drógust tekjurnar saman um rúmlega 25% frá árinu 2020. Þetta sýnir glögglega áhrif kórónuveirufaraldurs á þennan mikilvæga hluta af starfsemi Tónverkamiðstöðvar og ekki síður á starfsumhverfi íslenskra samtímatónskálda. Súluritin hér á eftir sýna heildartekjur af sölu og leigu tónverka árin 2016-2021, bæði samanlagðar og sundurliðaðar eftir söluleiðum.







Vefverslun Tónverkamiðstöðvar, shop.mic.is, var opnuð haustið 2015 og hefur salan þar aukist jafnt og þétt frá opnun, eða allt þar til heimsfaraldur skall á. Orðspor og vitund um vefverslunina hafði byggst upp jafnt og þétt frá opnun hennar árið 2015 og var árið 2019 það söluhæsta í vefversluninni frá upphafi. Þrátt fyrir að ómögulegt væri að skrá verk í bakenda vefverslunarinnar á árinu 2021 hélt sala áfram. Tekjur miðstöðvarinnar af nótnasölu í vefverslun árið 2021 námu 844.139 kr. en voru 777.330 kr. árið 2020.

Greiðslur til höfunda vegna hlutdeildar í sölu og leigu nótna árið 2021 reiknast samtals 434.453 kr. og greiðast til átján tónskálda. Miðstöðin greiddi alls út 896.909 kr. í höfundagreiðslur og greiddi þar með uppsafnaða skuld ásamt því að greiða höfundahlut vegna ársins 2020.

Sinfóníuhljómsveit Íslands var eins og oft áður stærsti viðskiptavinur Tónverkamiðstöðvar en Menntaskólinn við Hamrahlíð fylgdi þar á eftir. Kór Menntaskólans við Hamrahlíð hefur markvisst verið að byggja upp nótnasafn sitt undir stjórn Hreiðars Inga Þorsteinssonar og keypt prentuð eintök af íslenskum kórverkum í umtalsverðu magni.

Á næstu tveimur myndum má sjá samanburð á mánaðarlegri og uppsafnaðri heildarsölu ársins 2021 borið saman við árið 2020. Hér er tekin saman sala og leiga tónverka sem fór fram í gegnum afgreiðslu, síma eða tölvupóst. Hér eru ekki taldar tekjur sem koma af sölu í vefverslun Tónverkamiðstöðvar.

Mánaðarleg og uppsöfnuð heildarsala og leiga tónverka 2020 og 2021



Eins og áður segir eru tekjur af leigu tónverka stærsti einstaki tekjupósturinn í rekstri og ársreikningi miðstöðvarinnar. Þrettán tónverk eftir níu íslensk tónskáld voru leigð á árinu 2021.

LEIGÐ TÓNVERK Á ÁRINU 2021

Adagio - Magnús Blöndal Jóhannsson

Capriccio - Áskell Másson

Cold shower – Tryggvi M. Baldvinsson

Flekar – Gunnar Andreas Kristinsson

Flow & Fusion – Þuríður Jónsdóttir

Fjórði söngur Guðrúnar - Haukur Tómasson

Hekla - Jón Leifs

Hinsta kveðja/Elegy - Jón Leifs

It relaxes me, the repetition – Haukur Tómasson

Leikslök (f) – Þuríður Jónsdóttir

Pons papilloma (f) – Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir

Orgelkonsert - Jón Leifs

Mar (f) - Kjartan Ólafsson

NÓTNAGJAFIR

Tónverkamiðstöð berast af og til nótnagjafir og einkasöfn tónskálda til yfirferðar og skráningar. Á árinu 2021 var lokið að mestu við skráningar upp úr nótnasafni Gunnars Reynis Sveinssonar en miðstöðin tók við nótnasafni hans stuttu eftir andlát tónskáldsins árið 2008. Engar nótnagjafir bárust árið 2021.

TÖLVUSETNINGAR

Á vefsíðu Tónverkamiðstöðvar eru leiðbeiningar um nótnasetningu eða tölvusetningu nótna sem eru uppfærðar í samráði við Össur Geirsson, ráðgjafa Tónverkamiðstöðvar.

Tónverkamiðstöð stendur eingöngu fyrir tölvusetningu handskrifaðra verka elstu kynslóðar tónskálda. Miðað er við að flutningur verks sé fyrirliggjandi og viðkomandi verk sé eingöngu til í handskrifuðu handriti. Aðkoma Tónverkamiðstöðvar er háð fjármögnun tölvusetningarinnar og er sótt um styrk fyrir þeirri vinnu í Nótnasjóð STEFs. Þetta á þó ekki við um verk Jóns Leifs þar sem hlutur Tónverkamiðstöðvar í höfundagreiðslum STEFs standa straum af tölvusetningu verka hans. Á árinu 2021 fékkst styrkur úr Nótnasjóði til tölvusetningar á *Úr myndabók Jónasar Hallgrímssonar* eftir Pál Ísólffson sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hafði á efnisskrá starfsársins 2021/22.

Kynningarmiðstöðin

Heimsfaraldur setti mark sitt á árið 2021 í flestu því sem snýr að kynningarstarfi. Tónverkamiðstöð vinnur beint og óbeint að kynningum á tónverkum í safni miðstöðvarinnar og nýtir til þess tengslanet og viðskiptavild sem byggst hefur upp í gegnum rúmlega fimmtíu ára starf. Ný tengslamyndun er mikilvæg sem og efling og ræktun þeirra tengsla sem fyrir eru. Með þetta að markmiði tekur miðstöðin þátt í alþjóðlegu starfi og í venjulegu ári hefur framkvæmdastjóri sótt alþjóðlega fundi og ráðstefnur, t.d. Classical Next. Tónverkamiðstöð er félagi í Alþjóðasambandi tónverkamiðstöðva (IAMIC) og fylgist vel með starfsemi annarra samtaka sem styðja við framgang samtímatónlistar. Tekjur af nótnasölu standa straum af stærstum hluta kynningarstarfsins. Samdráttur í nótnasölu hefur þannig bein áhrif á umfang kynningarstarfsins.

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Myrkum músíkdögum 2021 var frestað ítrekað þar til ljóst varð að hátíðin gæti ekki farið fram fyrir en árið 2022. Einn viðburður fór þó fram af allri dagskrá hátíðarinnar, tónleikar kammersveitanna International Contemporary Ensemble og Skerplu. Á efnisskrá voru verk bandaríska tónskáldsins Anthony Braxton og frumflutningur á *Ecognosis* eftir Bergínu Snæbjörnsdóttur. Fyrirkomulag tónleikanna bar ástandi heimsmála vitni en leið ný spor í tónleikahaldi á Íslandi þegar kammersveitirnar léku saman í beinu streymi þrátt fyrir að vera staddar hvor í sinni heimsálfunni. Viðburðurinn krafðist mikillar skipulagningar og var tæknilega krefjandi en vekur vonir um að áskoranir heimsfaraldurs hafi jafnvel fjölgað möguleikum á samvinnu landa á milli.



PODIUM

Kynningarviðburðurinn **PODIUM** var unninn í samstarfi Tónverkamiðstöðvar og Myrkra músíkdaga en frestaðist til ársins 2022. Undirbúningur fór þó fram á árinu 2021. PODIUM er kynningarviðburður sem miðar að því að kynna verk íslenskra tónskálda og í leiðinni flytjendur. PODIUM 2021 samanstóð af ellefu kynningum á

verkefnum í íslenskrí samtímatónlist. Verkefnin verða að vera „tilbúin til útflutnings“ þar sem markhópurinn er ekki síst listrænir stjórnendur hljómsveita, tónleikahúsa og hátíða. Aðstandendur verkefnanna útbúa kynningarmyndband og eru verkefnin síðan kynnt á ráðstefnudagskrá Myrkra músíkdaga. Myndböndin eru í kjölfarið birt á Youtube-rás PODIUM þar sem stefnan er að safnist upp gott yfirlit yfir verkefni í íslenskrí samtímatónlist.

Verkefnisstjórn PODIUM á árinu 2021 var í höndum Valgerðar G. Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra Tónverkamiðstöðvar og Ásmundar Jónssonar listræns stjórnaða Myrkra músíkdaga.

ERKITÍÐ 2021

Raf- og tölvuónlistarhátíðin Erkitíð fór fram í Listasafni Reykjavíkur sunnudaginn 14. nóvember 2021. Erkitíð var fyrst haldin árið 1994 í tilefni af Lýðveldisafmælis Íslands og hefur frá upphafi lagt áherslu á íslenska raftónlist og nýsköpun á því sviði. Tugir nýrra tónverka hafa verið samin og frumflutt að tilhlutan Erkitíðar. Á hátíðinni í ár var íslensk raftónlistarsaga í forgrunni og flutt og frumflutt voru á þriðja tug tónverka frá ýmsum tímabilum. Á hátíðinni var sérstök dagskrá um verk Magnúsar Blöndal Jóhannssonar og frumkvöðlastarf á sviði raftónlistar á Íslandi. Í tilefni af því voru pöntuð fjögur verk frá kventónskáldum, þeim Ingibjörgu Friðriksdóttur, Sól Ey, Þórönnu Björnsdóttur og mæðgunum Tinnu Þorsteinsdóttur og Karólínu Eiríksdóttur, þar sem efniviðurinn tengdist m.a. verkum Magnúsar, þessa frumkvöðuls raftónlistar á Íslandi. Tónverkamiðstöð var samstarfsaðili hátíðarinnar.



Mynd frá Erkitíð.

UNG-YRKJA

Ung-Yrkja er nýtt framtak undir hatti Yrkju ætlað tónsmíðanemum. Þar er leitað í brunn næstu kynslóðar tónskálda og var fyrsta verkefninu hleypt af stokkunum í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Í þessu fyrsta verkefni með Sinfóníuhljómsveit Íslands var markmiðið að draga fram þá aðila sem þegar brenna fyrir því að semja verk fyrir hljómsveit.

Til þátttöku í UNG-YRKJU voru valin tónskáldin Ingibjörg Elsa Turchi, Katrín Helga Ólafsdóttir (K.óla) og Hjalti Nordal og störfuðu þau með hljómsveitinni frá því í apríl 2020. Þannig fengu þau tækifæri til að þróa færni sína í að semja fyrir sinfóníuhljómsveit undir leiðsögn Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskálds Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Verk þeirra voru frumflutt í samkomutakmörkunum (100 manns í hverju sóttvarnarhólfi) á hádegistónleikum í Norðurljósum 23. apríl 2021 en upphaflega átti að flytja þau á Myrkum músíkdögum 2021 en hátíðin féll niður árið 2021. Efnisskrá UNG-YRKJU tónleikanna var:

Ingibjörg Elsa Turchi *Anemos*

K.óla *I Gave Him a Book (with only blank pages)*

Hjalti Nordal *Guð er humar*



UNG-YRKJU tónskáldin, f.v.: Hjalti Nordal, Ingibjörg Elsa Turchi og Katrín Helga Ólafsdóttir (K.óla).
(Mynd frá Sinfóníuhljómsveit Íslands)

YRKJA fór að öðru leyti ekki fram árið 2021. Á heimasíðu Tónverkamiðstöðvar er yfirlit yfir YRKJU og tónskáldin sem tekið hafa þátt í verkefninu.

HLJÓÐVERK 21/22

Salurinn í Kópavogi hafði frumkvæði að því að stofna til tónverkasamkeppni undir heitinu Tónverk 20/21 og í framhaldi var ákveðið að auglýsa eftir tónskáldum til að semja hljóðverk með Salinn og Kópavog sérstaklega í huga. Tónskáldin Ingibjörg Friðriksdóttir (Inki), Ríkharður H. Friðriksson, Úlfur Eldjárn og Þórunn Björnsdóttir voru valin til að semja verkin sem verða flutt á tónleikum í Salnum vorið 2022. Tónverkamiðstöð var samstarfsaðili Salarins ásamt Lista- og menningarráði Kópavogs.

NMD

Norrænir músíkdagar (NMD) fóru fram í Færeyjum í nóvember 2021. Tónskáldafélagin höfðu viðrað hugmyndir um hugmyndir um meiri aðkomu norrænu kynningarmiðstöðvanna að NMD og var sérstakur fundur haldinn í Færeyjum með fulltrúum miðstöðvanna og tónskáldafélaganna. Framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar sat fundinn gegnum fjarfundabúnað og bauð framkvæmdastjóra Útón að sitja hann einnig. Norrænir músíkdagar fara fram á Íslandi haustið 2022 og væri æskilegt að kynningarmiðstöðvarnar hefðu meiri aðkomu að þeirri hátíð.

MARKAÐSSETNING Á HLJÓMSVEITARVERKUM

Á árinu 2021 var Tónverkamiðstöð í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónleikahúsið Hörpu um að gefa gestahljómsveitarstjórum gjöf með fjórum tónverkum, raddskrám (nótum) ásamt ábendingu um upptökur að viðkomandi verkum. Hljómsveitarstjórar hafa mikið að segja um hvaða verk eru sett á dagskrá hjá sinfóníuhljómsveitum og starfar Sinfóníuhljómsveitin með mörgum hljómsveitarstjórum á hverju starfsári. Eins er Harpa eftirsóknarverður áfangi og tónleikastaður erlendra hljómsveita og tónlistarhópa. Með gjöfinni fylgdi lítill bæklingur með upplýsingum um verkin og þjónustu Tónverkamiðstöðvar.

PÚLS – HLAÐVARP TÓNVERKAMIÐSTÖÐVAR

Hlaðvörp hafa verið í sókn undanfarin misseri. Heimsfaraldurinn hafði þau áhrif að hefðbundin tækifæri til kynningar á íslenskum tónverkum urðu færri sem aftur varð til þess að ákveðið var að ráðast í gerð hlaðvarps Tónverkamiðstöðvar. Hlaðvarpið hlaut heitið PÚLS og fékkst styrkur úr Tónlistarsjóði fyrir hluta kostnaðar við gerð fjögurra hlaðvarpsþátta. Ætlunin var að Myrkir músíkdagar mörkuðu upphaf PÚLS. Þar sem hátíðin frestaðist til ársins 2022 frestaðist birting fyrstu þáttanna og upphaf hlaðvarpsins til ársins 2022. Fyrsta lota PÚLS hlaut styrk frá Tónskáldasjóði og er birt á helstu streymisveitum.

DOKTORSVERKEFNI BRAGA ÞÓRS VALSSONAR

Tónverkamiðstöð aðstoðar rannsakendur eftir föngum og veitir m.a. aðgang að handritum og verkum í safni miðstöðvarinnar. Á árinu 2021 vann Bragi Þór Valsson að doktorsritgerð sinni við Stellenbosch-háskóla í Höfðaborg í S-Afríku. Ritgerðin fjallar um a *cappella* kórverk Þorkels Sigurbjörnssonar og veitti miðstöðin aðgang að kórverkum Þorkels í rannsóknartilgangi. Hluti af verkefninu eru tónleikar með kórverkum Þorkels og stofnaði Bragi kórinn Himnasmið til að flytja verkin. Inntökupróf og æfingaferli með yfirbragði heimsfaraldurs stóð yfir árið 2021 en tónleikar eru hluti doktorsverkefnisins og voru haldnir vorið 2022. Samhliða þessu samþykkti Bragi að fjalla um verkefnið í PÚLSi, hlaðvarpi Tónverkamiðstöðvar.

Á SLÓÐUM JÓNS LEIFS – TÓNLISTARGANGA

Tónverkamiðstöð er útgefandi Jóns Leifs og stóð að gerð menningargöngu – hljóðleiðsagnar um slóðir tónskáldsins í Reykjavík, í samstarfi við Tónlistarborgina Reykjavík og Árna Heimi Ingólfsson. Árni Heimir skrifaði handritið og las inn á hljóðleiðsögnina en hann ritaði ævisögu Jóns Leifs og hefur haldið fjölmörg erindi um ferli hans. Hljóðleiðsögnin verður hluti af menningargönguforritinu Reykjavík Cultural Walks og birtist árið 2022.

NÝ TÓNLISTARMIÐSTÖÐ

Á árinu 2020 skipaði Mennta- og menningarmálaráðherra Starfshóp um Tónlistarmiðstöð Framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar sat í starfshópnum en aðrir sem sæti áttu í hópnum voru Jakob Frímagn Magnússon, sem var jafnframt formaður starfshópsins, Bragi Valdimar Skúlason, formaður SAMTÓNS, STEFS og FTT, Bryndís Jónatansdóttir, yfirverkefnastjóri hjá ÚTÓN, Eiður Arnarsson, framkvæmdastjóri FHF, Gunnar Hrafnsson, fulltrúi BÍL og formaður FÍH, María Rut Reynisdóttir, verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur og Baldur Þórir Guðmundsson, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Sólrún Sumarliðadóttir, áfangastjóri Menntaskóla í tónlist var ritari starfshópsins. Skipun starfshópsins tók gildi 1. desember 2020 en fyrsti fundur starfshópsins var haldinn 11. janúar 2021. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum fjölbreyttra hagsmunaaðila í tónlistarlífi landsins og ólík sjónarmið og áherslur þeirra komu fram í vinnu starfshópsins. Haldnir voru tólf vinnufundir á tímabilinu 11. janúar 2021 til 3. mars 2021 auk fjögurra funda í smærri vinnuhópum um afmörkuð verkefni. Á milli vinnufunda skipti starfshópurinn með sér verkum þar sem hver og einn aflaði upplýsinga skv. sérþekkingu á þeim sviðum sem unnið var með. Niðurstöður þeirrar rannsóknarvinnu voru vandlega yfirfarnar á vinnufundum hópsins og sameiginlegum niðurstöðum náð. Einnig var skipaður vinnuhópur sem fékk endurskipulagningu sjóðaumhverfis til umfjöllunar. Sá hópur fundaði sérstaklega og lagði fram drög að

endurskipulagningu sjóðaumhverfis til umfjöllunar fyrir starfshópin.

Samkvæmt skipunarbréfi var starfshópinum „ætlað að rýna umhverfi tónlistargeirans á Íslandi, skoða hvernig stuðnings- og sjóðakerfi tónlistar verði best skipulagt, leggja drög að tónlistarstefnu og skilgreina hlutverk og ramma Tónlistarmiðstöðvar sem ráðgert er að setja á laggirnar.“

Hópurinn skilaði skýrslu til ráðuneytisins 5. mars 2021 sem birt var á vef Stjórnarráðsins opinber 7. júní 2022 þar sem hún er aðgengileg. Meðal fylgigagna var ályktun stjórnna Tónskáldafélags Íslands og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar (sjá næstu síðu) en framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar kynnti stjórnunum vinnu starfshópsins, skýrsludrög og hugmynd að skipulagi hinnar nýju miðstöðvar á fundi 23. febrúar 2021.

Lítið fréttist meira af undirbúningi Tónlistarmiðstöðvar árið 2021. Skýrsla starfshópsins var kynnt munnlega fyrir aðalfundi Tónverkamiðstöðvar árið 2021 en þar sem hún var ekki gerð opinber af hálfu ráðuneytis menningarmála fyrr en í júní 2022 var ekki hægt að dreifa henni til kynningar. Til tíðinda dró í upphafi árs 2022 þegar ráðherra menningarmála tilkynnti fyrirhugaða stofnun Tónlistarmiðstöðvar sem hluta af sérstakri viðspyrnu til handa tónlistar- og sviðslistageiranum. Í mars 2022 réð ráðuneyti menningarmála verkefnastjóra yfir stofnun miðstöðvarinnar. Gert er ráð fyrir að ný Tónlistarmiðstöð taki til starfa í upphafi árs 2023.

Með tilkomu Tónlistarmiðstöðvar er viðbúið að restrarstyrkur ráðuneytis menningarmála til Tónverkamiðstöðvar leggist af – og þar með starfsemi Tónverkamiðstöðvar. Kjarnastarfsemi, þ.e. nótnaumsýsla, sala og leiga á nótum að verkum íslenskra tónskálda, ásamt varðveislu- og kynningarstarfi sem snýr að íslenskum tónverkum mun færast til hinnar nýju miðstöðvar.

Ályktun stjórna Tónskáldafélags Íslands og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar

Stjórnir Tónskáldafélags Íslands og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar hafa kynnt sér ítarleg og vönduð drög að skipulagi nýrrar tónlistarmiðstöðvar. Báðum félögum líst vel á þær hugmyndir sem fram eru komnar og styðja þær. Félögin leggja áherslu á að umsýsla nótna verði órjúfanlegur hluti af starfsemi nýrrar tónlistarmiðstöðvar.

Félögin leggja til að eftirfarandi atriði verði tekin til umræðu hjá starfshópnum:

Varðandi stjórn og aðalfund

Að útfært verði í samþykktum hve margir sitja í stjórn og hvaða aðilar tilnefni stjórnarmenn.

Að útfært verði í samþykktum hvernig aðalfundi miðstöðvarinnar verði háttað og hverjir hafa atkvæðarétt og/eða seturétt á aðalfundi

Varðandi inngöngu Tónverkamiðstöðvar í nýja tónlistarmiðstöð

Útfæra þarf fyrirkomulag höfundargreiðslna sem ÍTM hefur haft á sinni hendi, áður en innganga á sér stað

Tryggja þarf að fyrirkomulag á nótnaumsýslu verði í jafngóðum eða betri farvegi og hingað til

Tryggja verður að tónverkasafnið verði áfram aðgengilegt og að þjónusta við tónskáld, tónlistarflytjendur og áhugafólk um íslensk tónverk haldist með þeim góða hætti sem verið hefur. Mikilvægt er að starfsmenn þessa sviðs innan tónlistarmiðstöðvar hafi sérþekkingu á nótum og umsýslu þeirra.

Reykjavík 23. febrúar 2021

Þórunn Gréta Sigurðardóttir, formaður stjórnar TÍ

Þuríður Jónsdóttir, meðstjórnandi TÍ og ÍTM

Gunnar Andreas Kristinsson, formaður ÍTM og varamaður stjórnar TÍ

Egill Gunnarsson meðstjórnandi ÍTM

Bergljót Anna Haraldsdóttir meðstjórnandi ÍTM

TÓNLISTARKLASI

Tónverkamiðstöð og ÚTÓN áttu samtál við Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar um aðkomu að tónlistarklasa. Samtalið hefur staðið allar götur síðan Nýsköpunarmiðstöð var lögð niður og óvissa skapaðist um nýtingu húsnæðisins að Laugavegi 105. Á árinu 2021 réð Reykjavíkurborg verkefnisstjóra til að gera fýsileikakönnun á aðkomu Reykjavíkurborgar að tónlistarklasa. Könnunin sneri að því að kanna hvort fýsilegt væri fyrir Reykjavíkurborg að hafa aðkomu að tónlistarklasa og ef svo væri, að kanna fýsilega staðsetningu.

SAMTÖK SKAPANDI GREINA

Forstöðumenn kynningarmiðstöðva listgreina hafa ásamt formanni BÍL verið í samskiptum um málefni sem tengjast starfsemi miðstöðvanna og hagsmunum menningargeirans í heild. Miðstöðvarnar hafa eftir atvikum komið fram sameiginlega í opinberum samskiptum og eru, ásamt Tónverkamiðstöð: Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Kvikmyndamiðstöð, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Miðstöð íslenskra bókmennta, Útón og Sviðslistamiðstöð. Hópurinn hefur óformlega komið fram undir nafni Samtaka skapandi greina en starfsemi félags með sama nafni lá að mestu niðri. Á árinu 2021 var nýju lífi blásið í samtökin með nýjum áherslum og undirbúningsstjórn falið að stýra uppbyggingu samtakanna. Á heimasíðu samtakanna, www.skapandigreinar.is, segir m.a.:

Samtök skapandi greina vinna að því að efla skapandi greinar sem meginstöð í menningu, samfélagi, atvinnulífi, nýsköpun og þróun sjálfbærs samfélags á Íslandi til framtíðar.

RANNSÓKNASETUR SKAPANDI GREINA

Í ágúst 2021 gerðu Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Forsætisráðuneytið og Háskólinn á Bifröst með sér samning um undirbúning að stofnun Rannsóknaseturs skapandi greina við Háskólann á Bifröst. Undirbúningurinn verður unninn í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og Samtök skapandi greina.

Í verkefnisstjórn voru skipaðar Anna Hildur Hildibrandsdóttir, fagstjóri skapandi greina við Háskólann á Bifröst, Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands og Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og Valgerður G. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar. Laufey og Valgerður voru skipaðar í stjórnina fyrir hönd Samtaka skapandi greina.



Frá undirbúningi að stofnun Rannsóknarseturs skapandi greina. F.v.: Anna Hildur Hildibrandsdóttir aðjúnkt við Háskólann á Bifröst, Njörður Sigurjónsson deildarforseti Félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst, Fríða Björk Ingvarsdóttir rektor Listaháskóla Íslands, Laufey Guðjónsdóttir Kvikmyndamiðstöð Íslands, Auður Jörundsdóttir Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Birna Hafstein Sviðslistasambandinu, Hrefna Haraldsdóttir Miðstöð íslenskra bókmennta, Valgerður G. Halldórsdóttir Tónverkamiðstöð og Sigtryggur Baldursson Útón.

SAMRÁÐSHÓPUR TÓNLISTARGEIRANS

Hagaðilar úr tónlistargeiranum hafa fundað sín á milli síðan kórónuveirufaraldurinn skall á og stóð m.a. að skýrslu um áhrif Covid-19 á tónlistargeirann sem kom út árið 2020. Hópurinn hefur átt í samtali við stjórnvöld og verið til ráðgjafar um málefni er varða tónlistargeirann, m.a. viðspyrnuaðgerðir og stofnun Tónlistarmiðstöðvar. Tónverkamiðstöð var boðið til samtalsins í nóvember 2021 en aðrir í hópnum eru: STEF, ÚTÓN – Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH), Félag íslenskra tónlistarmanna (FÍT, klassísk deild FÍH), Tónskáldafélag Íslands, Félag tónskálda- og textahöfunda, Tónlistarborgin Reykjavík, Bandalag íslenskra tónleikahaldara (BÍT), Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH), Félag hljómplötuframleiðenda (FHF), Tónleika- og ráðstefnuhúsið Harpa.

FÉLAG HLJÓMPLÖTUFRAMLEIÐENDA

Í eina tíð stóð Íslensk tónverkamiðstöð fyrir hljóðritunum og útgáfu á verkum íslenskra tónskálda á hljómplötum og geisladiskum. ÍTM er útgáfumerki Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og eru þær útgáfur sem miðstöðin stóð fyrir nú aðgengilegar á streymisveitum. Síðasta útgáfuár miðstöðvarinnar var árið 2010 en ÍTM fer með útgáfurétt á mikilvægu safni hljóðritana. ÍTM hefur í mörg ár verið með fulla aðild að Félagi hljómplötuframleiðenda en breytingar voru gerðar á reglum og skilyrðum um félagsaðild á aukaaðalfundi félagsins árið 2021. Þær gera það að verkum að ÍTM er sjálfkrafa með aukaaðild og hefur ekki möguleika á fullri aðild.

IAMIC

Tónverkamiðstöð er aðili að Alþjóðasamtökum tónverkamiðstöðva (IAMIC) og hefur Valgerður, framkvæmdastjóri Tónverkamiðstöðvar setið í stjórn samtakanna frá árinu 2019. Greitt er árgjald til samtakanna en stjórnarseta er ólaunuð. Meðlimir í IAMIC eru 35 frá 32 löndum sem vinna að því að byggja upp og viðhalda alþjóðlegu tengslaneti innan samtímatónlistar. Töluverðar breytingar urðu á utanumhaldi samtakanna á árinu 2021. Stjórnin tók ákvörðun um að færa skrifstofu IAMIC frá Grikklandi til Írlands þar sem írski tónverkamiðstöðin (Contemporary Music Center) veitir samtökunum skrifstofuaðstöðu. Anna Murray var ráðin skrifstofustjóri, bókhaldsmál og utanumhald fjármála var endurskoðað og gerð voru drög að endurmörkun samtakanna ásamt því að stjórnar-, félags- og aðalfundur voru haldnir álínis.

Stjórn IAMIC kjörin á aðalfundi árið 2021 var þannig skipuð:

Diana Marsh, formaður – SOUNZ, Nýja-Sjálandi

Peter Baroš, varaformaður – SIGIC (Slovenski Glasbenoinformacijski Center), Slóveníu

Valgerður G. Halldórsdóttir, féhirðir – Íslensk tónverkamiðstöð, Íslandi

Jonathan Grimes, ritari – CMC (Contemporary Music Centre), Írlandi

Agnieszka Cieślak-Krupa – POLMIC (Polskie Centrum Informacji Muzycznej), Póllandi

Frank J Oteri – New Music USA, Bandaríkjunum

Deborah Keyser – Tŷ Cerdd – Music Centre Wales, Wales

Stephan Schulmeister – MIZ (Deutsches Musikinformationszentrum), Þýskalandi



Stjórn IAMIC 2021-2022. Myndin sýnir dæmigerðan stjórnarfund þetta starfsárið.

Vegna fyrirhugaðrar stofnunar Tónlistarmiðstöðvar og breytinga á starfsemi Tónverkamiðstöðvar samhliða því, tilkynnti Valgerður í lok árs 2021 að hún myndi hætta í stjórn IAMIC á aðalfundinum 2022. Þar sem ýmis verkefni biðu féhirðis vegna tilfærslu skrifstofu IAMIC og nýs utanumhalds fjármála samtakanna, óskaði Valgerður eftir því að láta af störfum sem féhirðir samtakanna og lagði til að

Jonathan Grimes (CMC, Írlandi) tæki við því embætti til að tryggja samfellu í rekstri samtakanna en skrifstofa þeirra er nú í Írlandi.

STATUS

Nýtt norrænt samstarf aðila sem starfa í samtímatónlist hófst á árinu 2021. Danska, ríkisstyrkta miðstöðin SNYK (sem nú heitir Art Music Denmark) hafði að eigin frumkvæði samband við fulltrúa annarra norrænna miðstöðva í samtímatónlist með það fyrir augum að hrinda af stað nokkurs konar stöðutöku á landslagi samtímatónlistar á Norðurlöndum. Þátttakendur eru: SNYK (Danmörk), Tónverkamiðstöð (Ísland), UTOM-Unga tankar om musík (Svíþjóð), Music Norway (Noregur) og Music Finland (Finnland). Verkefnið hlaut heitið STATUS en er þó fyrst og fremst hugsað sem upphaf Norrænnar samvinnu með það að markmiði að greina þá þætti í umhverfi samtímatónlistar sem helst brenna á þeim sem starfa í þessum geira á Norðurlöndum. Heimsfaraldur setti svip sinn á samstarfið en í upphafi var ráðgert að hittast einu sinni í hverju Norðurlandanna. Þess í stað hélt STATUS-hópurinn nokkra fjarfundi á árinu 2021, skipulagði aðferðafræði og framhald verkefnisins. Verkefnið er unnið í samstarfi við danska fyrirtækið Bespoke Copenhagen sem hefur þróað aðferð til lesturs og greiningar á viðamiklum og víðtækum málefnum. Aðferðafræðin í STATUS byggir á að safna svonefndum *merkjum* (e. signals) úr umhverfi hvers Norðurlandanna og greina þau með aðferðum framtíðarfræða. Hópurinn ákvað að hittast til að vinna úr gögnunum á skrifstofu Bespoke í Kaupmannahöfn vorið 2022. Verkefnið hlaut styrk frá Nordisk Kulturfond og Augustinus Foundation en skýrslu má vænta haustið 2022.



Skúbb: Frá vinnu STATUS vorið 2022



ÁRSREIKNINGUR 2021

ÁRITUN

SKÝRSLA UPPGJÖRSAÐILA

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Íslenska tónverkamiðstöð vegna ársins 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og sundurliðanir.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með að markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Hafnarfirði 9. ágúst 2022

f.h. ER ehf - Endurskoðun og reikningsskil,

Sævar G. Jónsson

Sævar G. Jónsson

ÁRITUN

SKOÐUNARMENN

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, höfum farið yfir ársreikning fyrir árið 2021 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 15. ágúst 2022

Haukur Tómasson (sign.)

Tryggvi M. Baldvinsson (sign.)

ÁRITUN

SKÝRSLA STJÓRNAR

Íslensk tónverkamiðstöð er hagsmunafélag og starfar í umboði þeirra einstaklinga sem eru félagar í henni.

Ársreikningur Íslenskrar tónverkamiðstöðvar fyrir árið 2021 sýnir hagnað að upphæð 707.650 kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins 3.689.341 kr. og bókfært eigið fé í árslok 1.781.280 kr.

Á árinu voru þrír starfsmenn á launaskrá hjá félaginu, heildar launagreiðslur ársins voru 9.768.462 kr.

Það er álit stjórnar að ársreikningur sýni glögga mynd af þróun ársins og stöðu félagsins í árslok 2021, rekstrarangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

9. ágúst 2022

Gunnar Andreas Kristinsson
stjórnarformaður (sign.)

Þuríður Jónsdóttir (sign.)

Egill Gunnasson (sign.)

Bergljót Anna Haraldsdóttir (sign.)

Valgerður Guðrún Halldórsdóttir
frankvæmdastjóri (sign.)

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur :			
Rekstrarstyrkur.....		15.600.000	16.000.000
Erlend sala.....		846.179	914.121
Raddleiga.....		667.276	777.330
Innlend sala.....		399.868	1.633.078
Aðrir styrkir.....		800.000	300.000
Réttindagreiðslur		444.904	457.246
	Rekstrartekjur samtals	18.758.227	20.081.775
Rekstrargjöld:			
Vörunotkun	4	1.185.718	416.371
Laun og tengd gjöld	5	12.498.951	14.671.776
Rekstur húsnæðis.....	6	759.779	1.410.676
Annar kostnaður	7	3.616.053	3.475.848
	Rekstrargjöld samtals	18.060.501	19.974.671
	Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	697.726	107.104
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		11.126	9.762
Vaxtagjöld		-1.202	-18.879
	Samtals	9.924	-9.117
	Hagnaður ársins	707.650	97.987

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

	Skýr.	2021	2020
EIGNIR			
Veltufjármunir:			
Skammtímaskröfur:			
Vörubirgðir.....		0	1.102.480
Viðskiptakröfur		424.200	272.743
Aðrar viðskiptakröfur.....		605	717.051
Handbært fé:			
Innistæður í innlánsstofnunum		3.264.536	1.698.144
	Veltufjármunir samtals	<u>3.689.341</u>	<u>3.790.418</u>
	Eignir alls	<u>3.689.341</u>	<u>3.790.418</u>
 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:			
Eigið fé.			
Óráðstaðað eigið fé.....	3	<u>1.781.280</u>	<u>1.073.630</u>
	Eigið fé samtals	<u>1.781.280</u>	<u>1.073.630</u>
 Skuldir.			
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir	8	1.339.306	817.526
Ógreidd höfundarlaun.....		568.755	1.899.262
	Skammtímaskuldir samtals	<u>1.908.061</u>	<u>2.716.788</u>
	Skuldir samtals	<u>1.908.061</u>	<u>2.716.788</u>
	Skuldir og eigið fé alls	<u>3.689.341</u>	<u>3.790.418</u>

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2021

HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI:

	2021	2020
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi:		
Hagnaður (-tap) ársins	707.650	97.987
	707.650	97.987
VELTUFÉ FRÁ REKSTRI ALLS		
Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða:		
Skammtímakröfur, (-hækkun) lækkun	564.989	-152.006
Vörubirgðir, (-hækkun) lækkun	1.102.480	275.620
Skammtímaskuldir, hækkun (-lækkun)	-808.727	-651.275
	858.742	-527.661
HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI ALLS	1.566.392	-429.674
HÆKKUN (-LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ	1.566.392	-429.674
Handbært fé í ársbyrjun	1.698.144	2.127.818
HANDBÆRT FÉ 31.12. 2021.	3.264.536	1.698.144

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2021

1. STARFSEMI

Íslensk tónverkamiðstöð er hagsmunafélag og starfar á grundvelli laga um almenn fagfélög.

2. REIKNINGSKILAADFERÐIR

Ársreikningur Íslenkrar tónverkamiðstöðvar fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög og ársreikninga og settar reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

3. EIGIÐ FÉ

Yfirlit yfir breytingar á eiginfjárreikningum 2021.

Yfirfært frá fyrra ári	1.073.630	975.643
Hagnaður ársins 2021	707.650	97.987
	<u>1.781.280</u>	<u>1.073.630</u>

SKÝRINGAR FRH.

	2021	2020
4. VÖRUNOTKUN		
Vörukaup.....	83.238	122.254
Erlend vörukaup.....	0	18.497
Birgðir 01.01.....	1.102.480	1.378.100
Birgðir 31.12. virðisryrmun um 100%	0	-1.102.480
VÖRUNOTKUN ÁRSINS	1.185.718	416.371
5. LAUN OG TENGD GJÖLD		
Laun.....	9.768.462	11.529.986
Lífeyrissjóðsframlag.....	1.318.751	1.556.558
Tryggingagjald	676.315	830.995
Stjórnarlaun.....	400.000	500.000
Sjóðsgjöld.....	150.777	159.604
Annar starfsmannakostnaður.....	73.485	35.140
Kaffikostnaður.....	77.698	32.254
Slysatrygging launþega	33.463	27.239
LAUN OG TENGD GJÖLD ALLS	12.498.951	14.671.776
6. REKSTUR HÚSNÆÐIS		
Húsaleiga.....	544.540	1.141.786
Vátrygging.....	154.330	137.145
Viðhald húsnæðis	60.909	131.745
REKSTUR HÚSNÆÐIS ALLS	759.779	1.410.676
7. ANNAR KOSTNAÐUR		
Höfundarlaun v/sölu og leigu tónverka.....	896.909	898.060
Ferðakostnaður.....	67.580	0
Tækjaleiga.....	612.551	464.952
Reikningshald og skattskil.....	459.760	695.619
Pappír, prentun og ritföng	113.424	38.992
Rekstur tölvukerfis.....	516.021	414.082
Aðkeypt þjónusta.....	0	143.112
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	55.980	13.486
Tónleikar,viðburðir,aðgangseyrir.....	64.400	9.781
Sími og net.....	206.562	181.735
Félagsgjöld.....	136.013	288.226
Burðargjöld.....	0	32.110
Funda-og viðskiptakostnaður.....	95.526	48.944
Posaleiga.....	0	59.354
Paypal þóknun.....	2.040	68.518
Aðkeyptur akstur.....	0	19.780
Bankakostnaður og þjónustugjöld.....	77.588	48.959
Gjafir og styrkir.....	18.090	0
Auglýsingar.....	238.746	47.668
Bílastæðasjóður.....	54.863	2.470
ANNAR KOSTNAÐUR ALLS	3.616.053	3.475.848
8. AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR		
Ógreidd laun.....	880.360	358.541
Ógreitt orlof.....	23.685	0
Skattar starfsmanna	246.621	268.834
Lífeyrissjóður starfsmanna	188.640	190.151
AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR ALLS	1.339.306	817.526

ÍSLENSK TÓNVERKAMIÐSTÖÐ
LAUGAVEGI 105
105 REYKJAVÍK

TONVERKAMIDSTOD.IS
SHOP.MIC.IS

